

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

16. - 20. mars

Lóan er komin

Kveiktu á ljósi

Vegbúi

Viva la musica

I'd like to teach the world to sing

Rímlagið

23. - 27. mars

Sokkablús

Negro, blanco, rojo

Lóan er komin

Kveiktu á ljósi

Vegbúi

I'd like to teach the world to sing

Rímlagið

Lag: John Høybye

Ljóð: Einar Sigurðsson, Gróa Hreinsdóttir og

Barnakór Ísaksskóla

Viltu segja mér hvað rímar - við

hafragraut?

Það er jólaskraut, það er jólaskraut.

Viltu segja mér hvað rímar - við bláan
bíl?

Það er hausinn á fíl, það er hausinn á fíl.

Kanntu' að ríma?

Kanntu' að ríma?

Já, ég veit þú ríma kannt!

Viltu segja mér hvað rímar - við fiðrildi?

Það er rifrildi, það er rifrildi.

Viltu segja mér hvað rímar - við
Óla Skans?

Það er jólakrans, það er jólakrans.

Kanntu' að ríma...

Viltu segja mér hvað rímar - við

fótboltaskór?

Það eru krakkar í kór, það eru krakkar í
kór.

Viltu segja mér hvað rímar - við

Ísaksskóla?

Það er dekkjaróla, það er dekkjaróla.

Kanntu' að ríma...

I'd Like To Teach The World To Sing

Lag og ljóð: Roger Cook, Roger Greenway,

Bill Backer og Billy Davis

I'd like to build the world a home
And furnish it with love

Grow apple trees and honey bees
And snow white turtle doves

I'd like to teach the world to sing
In perfect harmony

I'd like to hold it in my arms
And keep it company

I'd like to see the world for once
All standing hand in hand
And hear them echo through the hills
For peace throughout the land

Vegbúi

Lag og ljóð: Kristján Kristjánsson (KK)

Þú færð aldrei að gleyma
þegar ferðu á stjá
þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá
segðu mér sögur
já, segðu mér frá
þú áttir von nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Viva la musica

Lag: Michael Praetorius

Viva, viva la musica.
Viva, viva la musica.
Viva la musica.

Lóan er komin

Lag: James A. Bland
Ljóð: Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefir sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vaka og vinna

og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Kveiktu á ljósi

Lag og ljóð: Valgeir Guðjónsson

Kveiktu á ljósi hvar sem þú ert.
Kveikirðu' á öðru er betur að gert.
Þó loginn sé veikur samt lýsir hann sterkt
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Kveiktu á ljósi hvert sem þú ferð.
Sama hve byrðin er þung sem þú berð.
Láttu það lýsa á allt sem þú sérð
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Þó viljinn sé veikur er vonin samt sterk,
koma má mörgu og miklu í verk.
Það sem þú gerir er það sem þú ert,
þín verður minnst fyrir það sem var gert.

Já, kveiktu á ljósi hvenær sem er,
láttu það lýsa innra með þér.
Hvernig sem lánast og leikritið fer
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.
Nei, ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Sokkablús

Lag og ljóð: Auður Guðjohnsen

Ég vaknaði í morgun (ég vaknaði í morgun)

við gergið í klukkunni (við gergið í klukkunni).

Mig langaði' ekki' á fætur (Mig langaði' ekki' á fætur),

bara vera' undir sænginni (bara vera' undir sænginni).

Ég fór allt of seint að sofa þótt ég væri búinn að lofa að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka (samstæða sokka)!

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)!

Það vantar samstæða sokka (samstæða sokka)!

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í!)!

Í endalausum basli við að leita' í þessu drasli og skil ekki neitt í því!

Tókst loks að finna leppa (Tókst loks að finna leppa).

sem líktust sokkum tveim (sem líktust sokkum tveim).

Buxunum reyndi' að hneppa (Buxunum reyndi' að hneppa),

en þá var gat á þeim (en þá var gat á þeim)!

Ég fór allt of seint að sofa þótt ég væri búinn að lofa að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka (samstæða sokka)

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)

Það vantar samstæða sokka (samstæða sokka)

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)

Í endalausum basli við að leita' í þessu drasli og skil ekki neitt í því!

Negro, blanco, rojo

Breskt þjóðlag

Ljóð: Höfundur ókunnur

Negro, blanco, rojo,
rosa, amarillo,
verde, violeta,
azul y naranja.